


Hvernig geta foreldrar aukið samvinnu milli skóla og heimilis?


- Kynntu þér starfsemi skóla barnsins þíns, t.d. með því að mæta í foreldravíðtöl, á foreldrafundi og aðra viðburði skólans.
- Aflaðu þér upplýsinga um skóla-reglur, agaferil og væntingar til hegðunar.
- Stuðlaðu að jákvæðum samskiptum við starfsfólk skólans.
- Þegar barnið þitt deilir með þér áhyggjum sem snúast um skólann, ræddu þá einnig við kennarann og fáðu að vita allar staðreyndir áður en þú aðhefst meira eða gerir upp hug þinn.
- Talaðu almennt jákvætt um skólann í áheyrn barnsins þíns.
- Skoðaðu heimasíðu skólans reglulega.
- Horfum eftir því jákvæða og látum vita þegar vel gengur.



Njarðvíkurskóli



Virðing—Ábyrgð—Vinsemi



Virðing

Ábyrgð

Jafnrétti

Árangur

Myllubakkaskóli

Upplýsingavefur PBS

Stuðningur við jákvæða hegðun:

www.reykjavik.is/pbs

Heimasíður PBS-skólanna í

Reykjanesbæ:


www.holtaskoli.is

www.myllubakkaskoli.is

www.njardvikurskoli.is

PBS

Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun



Hvað er stuðningur við jákvæða hegðun?

Stuðningur við jákvæða hegðun er árangursprófað og viðurkennt vinnulag sem með kerfisbundnum hætti hvetur til jákvæðrar hegðunar, eykur félagsfærni, bætir samskipti og dregur jafnframt úr hegðunarvanda barna og unglunga.



Hvernig vinna skólarnir með stuðning við jákvæða hegðun?

Í skólunum er unnið út frá ákveðnum einkunnarorðum sem hver skóli einsetur sér að vinna með, t.d. virðingu og ábyrgð. Væntingar um hegðun og samskipti eru unnar út frá þessum gildum. Sameiginleg þekking og skilningur starfsfólks og nemenda eru tryggð með kennslu væntinga, æfingum og hvatningu. Áhersla er lögð á að veita jákvæðri hegðun athygli, gefa skýr fyrirmæli og hrósa. Hrós getur verið í mörgum myndum, t.d. munnlegt eða skriflegt og „bros getur dimmu í dagsljós breytt.“

Óæskileg hegðun nemenda er skilgreind og hún stöðvuð markvisst í samræmi við agaferil skólans. Áhersla er lögð á lausnarmiðaðar aðferðir.

Innan hvers skóla er starfrækt teymi sem sér um fræðslu starfsfólks, nemenda og foreldra, metur árangur og sér um framþróun verkefnisins.

Hvernig geta foreldrar stutt við jákvæða hegðun?

Stuðningur við jákvæða hegðun er einnig mikilvægur á heimilum. Jákvæð samskipti, hvatning og skýr mörk stuðla að aukinni færni og vellíðan barna og styrkja sjálfstraust þeirra.

- Mikilvægt er að veita barni athygli og sýna daglegu lífi þess áhuga.
- Gott er að setja sér þá reglu að eiga sér a.m.k. fjögur jákvæð samskipti á móti einum neikvæðum.
- Gott er að hafa fyrirmæli stutt, einföld, nákvæm, jákvætt orðuð og gefa þau í yfirveguðum tóni.
- Skýr fyrirmæli auka líkur á góðu samstarfi barns og foreldra/forráðamanna.
- Þegar hegðun er kennd er nauðsynlegt að nota hrós á einlægan og nákvæman hátt þannig að barn viti fyrir hvað er hrósað.
- Hrós eykur líkur á því að barn endurtaki hegðun.
- Áriðandi er að hafa skýr mörk, fyrirsjáanlegar og sanngjarnar afleiðingar sem eru í samræmi við hegðun barns.
- Ávallt skal sýna stillingu og yfirvegum þegar brugðist er við óæskilegri hegðun.

Samvinna skóla og heimilis



Náið samstarf foreldra og aðstandenda við skóla stuðlar að jákvæðum viðhorfum, bættum námsárangri, félagsþroska og góðri líðan.

Nauðsynlegt er að foreldrar/forráðamenn kynni sér þær væntingar um hegðun sem skólinn setur sér. Góð samvinna heimilis og skóla veitir barninu stuðning og eykur líkur á velgengni þess í námi.

Góð og jákvæð samskipti efla samvinnu í daglegu starfi og auðvelda vinnu við þau verkefni sem glíma þarf við.

